

# Skýrsla umdæmisstjóra til 40. umdæmisþings í Kópavogi 10-13 september 2010

Annasömu Kiwanisári er að ljúka. Tíminn hefur flogið ótrúlega hratt og ósjálfrátt finnst manni að margt sé enn óunnið. Í þessari starfsskýrslu geri ég grein fyrir því helsta sem umdæmið hefur verið að fást við á starfsárinu. Kjörorð mín og markmið voru skýr og valin af yfirvegum. Vonandi hef ég verið sjálfum mér samkvæmur og tekist að koma anda þeirra til skila. Ég geng sáttur frá borði, reynslunni ríkari. Ég gerði mitt besta og vona að skýrslan beri með sér að einhverju hafi verið áorkað, eitthvað jákvætt og uppbyggjandi skilið eftir, og ekki síst að gengist hafi verið við þeirri ábyrgð og trausti sem fólst í vali ykkar á mér til umdæmisstjórarstarfsins.

## Mál kjörumdæmisstjóra

Eins og kunnugt er þá veiktist kjörumdæmisstjóri alvarlega um áramót, gekkst undir hjartaskurðaðgerðir og tókst á við sjúkrahúslegu og endurhæfingu. Óneitanlega settu veikindi Geirs svip á umdæmisstörfin, en þrátt fyrir margar andvökunætur og mikil fundahöld, fór málið farsællega og nú styðjum við Geir til góðara verka. Í ljósi ofangreindara aðstæðna var Sæmundur H. Sæmundsson, fyrrverandi umdæmisstjóri, skipaður tímabundið í embætti kjörumdæmisstjóra í janúar. Sú skipun var afturkölluð 1 júní er Geir lýsti sig reiðubúinn til starfa. Ég vil nota tækifærið og þakka Sæmundi fyrir frábært samstarf og persónuleg kynni.

## I. Fundir og heimsóknir

**Umdæmisstjórnarfundir:** Haldnir voru sex umdæmisstjórnarfundir á árinu, þ.a. tveir með öllum embættismönnum. Fundirnir voru málefnalegir og málin rædd hispurslaust. Fjölgunarumræðan tók sinn tíma auk hreinskilinnar umræðu um svæðaskiptingu. Á hinum var fundað með svæðisstjórum, m.a. um undirbúning, skipulag og frágang starfsársins, viðbrögð við veikindum kjörumdæmisstjóra, svæðaskiptingu o.fl.

**Framkvæmdaráðsfundir:** Framkvæmdaráðsfundir voru jafnan haldnir tvisvar sinnum í mánuði. Þar var tekið á þeim málum er voru í brennidepli, og til þeirra voru iðulega boðaðir þeir embættismenn sem þurfa þótti hverju sinni.

**Svæðisráðsfundir:** Umdæmisstjóri sat svæðisráðsfundi í öllum svæðum og fleiri en einn í þeim flestum. Reynt var að hafa umdæmisfulltrúa á öðrum. Áhersluatriði umdæmisstjórnar voru efling klúbba, fjölgun og ný svæðaskipting. Ég vil hrósa svæðisstjórum fyrir góða og vel skipulagða fundi og félögum fyrir góða mætingu og almenna þátttöku í umræðum.

**Klúbbaheimsóknir:** Heimsóknaskyldu umdæmisstjóra hefur verið sinnt eftir megni.  $\frac{3}{4}$  klúbba hafa verið heimsóttir. Kjörumdæmisstjóri heimsótti Færeyjar og var viðstaddur vígslu á nýju Kiwanishúsi í Þórshöfn. Bygging þess er dæmi um þann kraft sem býr í Kiwanisfólki, hreyfiafli þess sem okkur tekst í sameiningu að áorka. Skýrslur bera vott um virkni klúbba, fjölbreyttar fjáraflanir, óþrjótandi styrktarverkefni, góða fundasókn og hvernig félagar takast á við verkefni líðandi stundar í Kiwanisleik og –starfi. Á öllu mínu flandri hef ég allsstaðar mætt fádæma velvild og gestrisni sem seint verður fullþökkuð. Sú innsýn sem ég hef fengið á óeigingjarnt og fórnfúst starf umdæmisfélúbba, er það sem ég mun síst gleyma á annars ógleymanlegu ári.

## Evrópufundir og Evrópu- og heimsþing

Hluti af starfi umdæmisstjóra er að sitja fundi Evrópuráðs og sækja Evrópu- og heimsþing. Fundir Evrópustjórnar voru í Gent, Feneyjum, Varsjá og í Taormina á Sikiley. Fjölgunarráðstefna var haldin í tengslum við Varsjárfundinn, en hann sátu 3 umdæmisfulltrúar. Ég átti von á meiri virkni Evrópustjórnar, þetta voru miklir afgreiðslufundir og meiri tími fór í matarveislur og ferðalög, en grundvallandi umræðu. Evrópuþing var á Sikiley í byrjun júní. Það sóttu 16 félagar ásamt mökum. Í tengslum við þingið var boðið uppá ævintýrlega eyjaferð að hætti Bödda og Didda. Ógleymanleg

ferð að hætti hússins!!! Heimsping var í Las Vegas í lok júní. Var það með fjölsóttari heimspingum vel skipulagt og athafnasamt. Kynningu á nýju heimsverkefni, MNT, bar þar hæst.

## II. Fjölgun og efling

### 1012 fyrir 2012

Í október voru Kiwanisfélagar 882, í dag eru þeir 901. 43 félagar hafa gengið til liðs við hreyfinguna en 24 horfið á braut. Enn eigum við langt í að ná 1000 félaga umdæmisstærð. Í klúbbaheimsóknum og á svæðisráðsfundum var mér tíðrætt um alvarlegan og viðvarandi fjölgunarvanda umdæmisins og kallaði eftir markvissri félagafjölgun og nýklúbbastofnun. Raunfjölgun hefur ekki orðið í umdæminu til margra ára. Fleiri félagar hætta en ganga til liðs við hreyfinguna. Klúbbar eru aflagðir, en engir fylla skörðin. Síðast var nýr klúbbur stofnaður á Íslandi fyrir 11 árum, í Færeyjum fyrir bráðum 7 árum. Vandinn er fjölþættur og margslunginn. Við höfum sofnað á verðinum, megum ekki sitja með hendur í skauti og hreykja okkur af því að hér sé höfðatala Kiwanis best í heiminum. Við lifum ekki af höfðatölu. Endurnýjun og endurnæring er það sem þarf. Nýja klúbba, skjaldborg um klúbba í vandræðum, stöðvun á gegnumsteymi, markvissar aðgerðir, nýjan hugsanagang.

Í upphafi starfsárs var haldinn fjölgunarfundur með félögum sem hafa látið þessi mál til sín taka og voru tilbúnir til að gera eitthvað í málinu. Undir stjórn Matthíasar G. Péturssonar og í samvinnu við Kvenna- og fjölgunarnefndir var lífgunartilraun á Smyrli í Borgarnesi reynd. Ekki tókst sem skildi en málinu haldið opnu. Málefni ungliðklúbba og ný nálgun klúbbsöfnunar á Austurlandi bar og á góma auk vinnu við stofnun kvennaklúbbs í Keflavík og græðlingklúbbs frá Helgafelli. Þegar þetta er skrifað er þessi fjölgun ekki í húsi, en margt getur skeð á 50 dögum. Takist hér vel til getum við samglaðst yfir því að hafa gott borð fyrir báru vegna árvissra útstrikana í september og án þess að bjartsýnin beri mig ofurliði, í fyrsta sinn um margar ára skeið séð fram á umtalsverða raunfjölgun milli ára. Gleðilegt er líka að með stofnun kvennaklúbbs fjölgar konum í umdæminu um nærri helming og við komumst loks með tærnar í hælfar Evrópuumdæma hvað kvennfélagafjölda varðar. Nýstofnuð kvennanefnd hefur einnig unnið hörðum höndum og er með ýmislegt á þrjónunum.

Árleg fræðsluráðstefna umdæmisins féll niður í vor, en í stað hennar var boðið til sérstakrar fjölgunarráðstefnu í tengslum við þetta þing. Það var gert í samvinnu við KIEF sem sendir fulltrúa sína. Þar hafa fjölgunarmál og aðferðafræði vonandi verið kryfjuð til mergjar. Stefnt er að leggja drög að stefnumótunaráætlun umdæmisins um fjölgun til 2012 fyrir þing, en dráttur hefur orðið á að henni sé skilað til heimsstjórnar eins og um var beðið.

## III. Úr ýmsum áttum

### Svæðaskipting

Umdæmisstjóri hreyfði fyrst við nýrri svæðaskipan með tillögugerð í byrjun starfsárs. Umræðan hefur síðan farið fram í grasrótinni, í klúbbum, svæðum og á umdæmisfundum. Hún hefur verið á afar jákvæðum nótum og almennt tekið undir nauðsyn þess að hrófla við 20 ára gömlu skipulagi í ljósi breyttrar aðstæðna í hreyfingu og þjóðfélagi. Ný svæðaskipan var síðan samþykkt samhljóða á umdæmisstjórnarfundi 25. maí. Ný skipan tekur gildi á næsta starfsári, þannig að andrými gefst til að hnýta lausa enda. Grettissvæði og Óðinssvæði sameinast, en Mosfell flyst í Sögusvæði. Þórs- og Eddusvæði sameinast. Færeyjar verða sérsvæði sem skapar ný og spennandi tækifæri til fræðslu, áhrifa og skilvirkari þátttöku þarlendrar klúbba í umdæmisstörfum. Nefnd verður skipuð til að handleiða færeysku klúbbana inní nýtt starfsumhverfi.

### Hjálmar og K-lykill

Þessi verkefni hafa verið í fókus á árinu og munu verkefnisstjórar þeirra gera nánari grein fyrir þeim. Ég vil nota tækifærið og þakka viðkomandi og þeirra samverkafólki fyrir vel unnin störf að okkar stærstu og mikilvægustu verkefnum. Hraustlega og ákveðið er gengið til verks þó á stundum hafi mótbyr verið sterkur. Að hafa geta siglt Kiwanishjálum á höfuð yfir 10% íslensku

Þjóðarinnar og haldið áfram að leggja geðverndarmálum það lið sem raun ber vitni, er eitthvað sem Kiwanishreyfingin getur verið óendanlega hreykin af.

### **Frétta- og upplýsingamiðlun**

Tvö tölublöð Kiwanisfrétta komu út á starfsárinu og það þriðja í formi þingblaðs. Í Kiwanisfréttum og fréttabréfum umdæmisstjóra var t.d. lagt útaf markmiðum starfsársins og tillögu um svæðaskiptingu, auk almenns fréttaplutnings af umdæmisvettvangi Fréttabréfin birtust á netinu, en var einnig dreift rafrænt til allra félaga. Heimasíða umdæmisins er í góðum höndum og hefur sannað sig sem helsti upplýsingamiðill hreyfingarinnar og markvisst er unnið að því að gera hann. Uppfærsla félagatals klúbba og beintenging við gagnagrunn umdæmisins ber viti um það.

### **Viðurkenning og hvatning**

Ég vona að það hafi ekki farið framhjá neinum að leiðarþema starfsársins hefur verið efling og fjölgun. Meðvituð ákvörðun var tekin um að samhæfa það viðurkenningarferli umdæmisins. Mótúð voru ný fyrirmyndarviðmið sem gengu m.a. út á virkni, eflingu og nýsköpun, frekar en skrifinnsku og lögbundin verkefnaskil. Sérstaklega var horft til þeirra félaga sem gengu fyrir með góðu fordæmi og styrktu raðir okkar. Vonandi eru einhverjir „Lykilfélagar umdæmisins“ meðal okkar í dag og skarta gull, silfur eða bronslyklum sem táknrænum viðurkenningarvotti fyrir það að gefa af tíma sínum og Kiwanisreynslu til að afla nýrra félaga.

### **Eistlandsferð**

Umdæmisstjóri og kona hans fóru fyrir hópi 11 unglunga í vikulöngum Kiwanissumarbúðum til Eistlands um miðjan júlí. Strax í mars byrjaði hópurinn að vinna að þeim verkefnum sem okkur var ætlað að skila, en einnig gerðum við ýmislegt skemmtilegt saman. Krakkarnir stóðu sig í alla staði frábærlega og voru sjálfum sér og hreyfingunni til mikils sóma og forréttindi að fá að vinna með þeim. Ávöxtur ferðarinnar er ekki enn fullþroskaður en verður það vonandi á næstunni.

### **Hreyfingin 50 ára**

14. janúar 2014 fagnar umdæmið 50 ára afmæli Kiwanisklúbbsins Heklu. Erindi vegna tímamótanna var sent Einherjum og þeir beðnir að koma að hátíðarhöldum í samvinnu við Heklufélaga og umdæmisstjóra næstu ára. Þess má og geta að umdæmisstjórn hefur tekið tilboði Sigurðar R. Péturssonar um uppsetningu farandsögusýningar af þessu tilefni.

### **Lokaorð**

Ég hef hér stiklað á því allra helsta sem umdæmisstjórn hefur verið að sýsla á starfsárinu. Í mörg horn var að líta og að mörgu að hyggja, en ég vona að skýrsla þessi beri með sér að hér var starfssöm stjórn að verki. Þar áttu meðreiðarfólk mitt þau Hjördís og Atli sitt að segja. Þau stóðu vaktina í mót- og meðbyr, úrræðagóð og þrautseig. Ekki bar skugga á þá samvinnu. Embættismönnum umdæmisins færi ég kærar þakkir fyrir góð og samviskusamleg störf. Óskandi hefði verið að samvinna okkar Geirs yrði meiri á árinu en örlögin höguðu því öðruvísi. Ég óska honum alls hins besta og stjórn hans velfarnaðar. Svæðisstjórum þakka ég góða samvinnu og alúð þá og ræktarsemi sem þeir hafa sýnt svæðum sínum og þá ábyrgð sem þeir hafa sýnt í allri sinn framgöngu. Án áhuga þeirra hefði árið ekki orðið það sem það er. Eldeyjarfélögum þakka ég stuðninginn. Konu minni þakka ég alla hennar þolinmæði, tillitssemi og jákvæðni í bráðum 6 ára umdæmisbjástri. Án stuðnings hennar og hvatningar hefði ég aldrei lagt í þennan leiðangur. En þegar ég lít til baka eru mér efst í huga þakkir allra til þeirra Kiwanisfélaga sem ég hef hitt í leik og starfi á Kiwanisakrinum, án þeirra hjálpuðu handa og hlýhugar, væri hreyfingin ekki það sem hún er í dag. - Stærsta þjónustuhreyfing í heimi sem hefur gert að markmiði sínu að bæta heiminn með þjónustu í þágu barna – Ábyrgðin á því er okkar – okkar allra!!! Megi guð og gæfan fylgja ykkur og Umdæmiu Ísland Færeyjar.

Umdæmisstjórinn ykkar

Óskar

